

# Ársskýrsla



2011



**SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN  
Á VESTURLANDI**

## Efnisyfirlit

|                                                                          |    |
|--------------------------------------------------------------------------|----|
| Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar .....                                  | 3  |
| Starfsfólk .....                                                         | 4  |
| Húsnæði.....                                                             | 6  |
| Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar í tölum .....                       | 7  |
| Rekstur SMV .....                                                        | 7  |
| Tölfræði.....                                                            | 7  |
| Formlegir samstarfsaðilar .....                                          | 9  |
| Mennta- og menningarmálaráðuneytið.....                                  | 9  |
| Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - Fræðslusjóður .....                      | 10 |
| Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð.....                         | 11 |
| Vinnumálastofnun .....                                                   | 14 |
| Náms- og starfsráðgjöf.....                                              | 16 |
| Tölfræði.....                                                            | 17 |
| Þróunarverkefni .....                                                    | 18 |
| Frumkvöðlasmiðjur fyrir innflytjendur.....                               | 19 |
| Icelandic Sagas .....                                                    | 19 |
| Markviss uppbygging starfsmanna – þarfagreining.....                     | 21 |
| Viðurkenning fræðslustarfs - EQM gæðakerfið .....                        | 21 |
| Erlend verkefni .....                                                    | 23 |
| Fjarnám.....                                                             | 26 |
| Þjónusta við fjarnema.....                                               | 26 |
| Tölfræði.....                                                            | 27 |
| Samstarf – samstarfsaðilar.....                                          | 28 |
| Rauði krossinn - málefni innflytjenda.....                               | 28 |
| Bókasafnið á Akranesi .....                                              | 29 |
| Framhaldsskólarnir á Vesturlandi.....                                    | 29 |
| Fs-netið og menntabréf.....                                              | 29 |
| SSV-þróun og ráðgjöf .....                                               | 29 |
| Stéttarfélögin á Vesturlandi .....                                       | 30 |
| Vinnumarkaðsráð .....                                                    | 30 |
| Virk-starfsendurhæfingarsjóður .....                                     | 30 |
| Samtök í fullorðinsfræðslu .....                                         | 31 |
| Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.....                     | 31 |
| Leikn – samtök fullorðinsfræðslu á Íslandi.....                          | 31 |
| Framhaldsfræðsla á Íslandi – hvar er hægt að nálgast fróðleiksmola?..... | 32 |
| Framhaldsfræðsla erlendis – hvar er hægt að nálgast fróðleiksmola? ..... | 32 |
| Lokaorð .....                                                            | 33 |

## Ávarp formanns stjórnar

Á síðustu árum höfum við landsmenn fengið að kynnast því á harkalegan hátt að gæfan getur verið hverful og á augabragði getur allt snúist í höndum okkar. Breyttar aðstæður á vinnumarkaði hér á landi að undanfögnu hafa m.a. kallað á aukna þörf á sí- og endurmenntun.

Það er skylda okkar sem vinnum að menntamálum að gera fólki kleift að stunda það nám sem það óskar eftir og að það geti nýtt menntunina áfram út í samfélagið. Í okkar samfélagi sem býr við öra þróun og oft og tíðum snarpar breytingar er það einnig í okkar verkahring að hafa ávallt í boði námsleiðir fyrir einstaklinga til að bæta við sig í menntun og auka þar með hæfni sína til að lifa og starfa í nútíma þjóðfélagi.

Breytt viðhorf hjá þjóðinni hefur líka orðið þess valdandi að símenntun byggir í dag á því viðhorfi að menntun sé æviverk en ekki bundið skyldunámi. Nám er ekki bundið ákveðnu aldursskeiði og einstaklingar ljúka ekki námi í eitt skipti fyrir öll. Í dag er sí- og endurmenntun hluti af því að lifa í nútíma samfélagi og því að halda sér virkum á vinnumarkaði.

Látum ekki hugfallast, horfum fram á veginn. Menntun íslensku þjóðarinnar mun fleyta henni áfram inn í bjartari tíma.

Guðrún Lárusdóttir  
Endurmenntunarstjóri LbhÍ



## Inngangur

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi var stofnuð árið 1999 og er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt skipulagsskrá sem samþykkt var af dómsmálaráðherra.

Í skipulagsskránni segir m.a.:

“Markmið Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi er að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og samfélag með endur- og símenntun er taki mið af þörfum atvinnulífs og einstaklinga. Sérstaklega skal stofnunin huga að þörfum íbúa Vesturlands í þessu sambandi.”

Stofnaðilar að Símenntunarmiðstöðinni eru alls 34, þ.e. sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.

Símenntunarmiðstöðin starfar samkvæmt framhaldsfræðslulögum sem tóku gildi 1. október 2010 og árið 2011 gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið samning við Símenntunarmiðstöð Vesturlands um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum og er þessi samningur byggður á umræddum framhaldsfræðslulögum. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2014.

Líkt og undanfarin ár hefur verið mikil gróska í starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar, eins og sjá má í þessarri skýrslu. Þó veltan hafi verið ívið minni á árinu 2011 en á árinu á undan, þá er aukning í veltu, fjölda þátttakenda og nemendastunda samanborið við árið 2009. Árið 2010 er vart samanburðarhæft þar sem umsvif jukust verulega frá árinu áður og er aukið atvinnuleysi í landshlutanum meginástæðan.

Þetta sýnir glögglega að hið óformlega skólakerfi er sveigjanlegt og því hægt að bregðast hratt og örugglega við breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu.



**Mynd 1** Námskeið í tréútskurði í Borgarnesi

## Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar

Árið 2011 voru haldnir 3 formlegir stjórnarfundir.

Samkvæmt skipulagsskrá skal skipa 6 aðila í stjórn á aðalfundi til tveggja ára í senn.

Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvarinnar var haldinn 9. júní 2011. Á aðalfundi 2011 voru eftirfarandi fulltrúar skipaðir:

| Stofnun/samtök                     | Aðalfulltrúi           | Varafulltrúi             |
|------------------------------------|------------------------|--------------------------|
| Fjölbautaskóli Vesturlands         | Atli Harðarson         | Jens B. Baldursson       |
| Fyrirtæki/stofnanir                | Guðjón Brjánsson       | Róbert Jørgensen         |
| Háskólinn á Bifröst                | Geirlaug Jóhannsdóttir | Ingibjörg Guðmundsdóttir |
| Landbúnaðarháskóli Íslands         | Guðrún Lárusdóttir     | Guðríður Helgadóttir     |
| Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi | Jón Eggert Bragason    | Hrefna B. Jónsdóttir     |
| Stéttarfélögin                     | Signý Jóhannesdóttir   | Inga Birna Tryggvadóttir |

Formaður stjórnar er Guðrún Lárusdóttir, fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands, en hún tók við af Geirlaugu Jóhannsdóttur á árinu 2011.



Mynd 2 Málverk unnin á námskeið hjá SMV

## Starfsfólk

Þann 31. desember 2011 voru 6 einstaklingar á launaskrá í 4,5 stöðugildum en þeir eru:

-  Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri
-  Guðrún Vala Elísdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
-  Hekla Gunnarsdóttir verkefnastjóri
-  Kristín Björg Árnadóttir verkefnastjóri
-  Svava Björg Svavarsdóttir skrifstofustjóri
-  Sunna Líf Stefánsdóttir ræstingar



Þann 1. ágúst 2011 fækkaði starfsgildum um 1,25, en þá létu Erla S. Olgeirsdóttir og Björg Árnadóttir af störfum.

Erla starfaði sem verkefnastjóri í 75% starfshlutfalli og Björg Árnadóttir starfaði sem verkefnisstjóri Icelandic Sagas í 50% starfshlutfalli.

Erlu og Björgu er þakkað fyrir vel unnin störf í þágu Símenntunarmiðstöðvarinnar.



Fjöldi verktaka starfar hjá Símenntunarmiðstöðinni á ári hverju og eru þeir ráðnir í afmörkuð verkefni hverju sinni. Á árinu 2011 voru 211 verktakar hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi.



## Húsnæði

Símenntunarmiðstöðin rekur 3 starfsstöðvar, á Akranesi, í Borgarnesi og í Ólafsvík.

| Húsnæði                             | Staður    | Heimilisfang   | Leigusali                     |
|-------------------------------------|-----------|----------------|-------------------------------|
| <b>Skrifstofur og kennslustofur</b> | Borgarnes | Bjarnarbraut 8 | Fasteignir ríkisins           |
| <b>Skrifstofa</b>                   | Akranes   | Kirkjubraut 40 | Lífeyrissj. Festa             |
| <b>Skrifstofa</b>                   | Ólafsvík  | Kirkjutún 2    | Átthagastofa<br>Snæfellsbæjar |

Vegna aukinnar kennslu á dagtíma á Akranesi sköpuðust mikil húsnæðisvandræði, en Símenntunarmiðstöðin hefur verið í góðu samstarfi við Vinnumálastofnun og skipuleggur námstækifæri fyrir atvinnuleitendur. Fjarfundabúnaður er á bókasafninu á Akranesi sem er í notkun flesta virka daga. Próftaka fjarnema er alla jafna á bókasafninu og í Fjölbrautaskóla Vesturlands, en á álagstímum fara próf fram á fleiri stöðum. Óskað hefur verið formlega eftir því við bæjaryfirvöld Akraneskaupstaðar að leita allra leiða með Símenntunarmiðstöðinni til að leysa þennan húsnæðisvanda og finna viðráðanlega og ásættanlega lausn öllum til heilla. Símenntunarmiðstöðin gerði leigusamning við Lífeyrissjóðinn Festu um leigu á skrifstofuhúsnæði (24,1 fm), frá og með 1. mars 2011. Skrifstofa Símenntunar á Akranesi er á Kirkjubraut 40.


Auk þess hefur Símenntunarmiðstöðin fengið afnot af húsnæði verkalýðsfélaga, félagasamtaka og annarra aðila á Vesturlandi, en það skiptir stofnunina verulega máli til að geta boðið upp á námskeið um allt Vesturland.




## Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar í tölum

### Rekstur SMV


#### Heildarvelta 2006-2011



#### Skipting tekjuliða 2010






#### Skipting tekjuliða 2011





## Tölfræði





## Formlegir samstarfsaðilar

### **Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

Árið 2011 gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið samning við Símenntunarmiðstöð Vesturlands um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum og er þessi samningur byggður á umræddum framhaldsfræðslulögum. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2014.

Í samningnum segir m.a.:

Meginmarkmið með samningi þessum eru að Símenntunarmiðstöðin mun

- vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Þjónusta á sviði framhaldsfræðslu skal veitt og þróuð í samstarfi meðal annars við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila,
- vera með fjarnáms- og kennsluáðstöðu vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhalds- og háskólastigi á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Símenntunarmiðstöðin fær rekstrarframlag á fjárlögum og er upphæðin háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

## **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - Fræðslusjóður**

Fræðslusjóður var settur á laggirnar við setningu framhaldsfræðslulaga, en hlutverk hans er m.a. að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10 gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fara skal með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald,
- b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf,
- c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Stjórn Fræðslusjóðs ber ábyrgð á ráðstöfun fjár úr Fræðslusjóði. Auglýsa skal eftir umsóknum frá fræðsluaðilum um framlög og stuðning til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald. Heimilt er stjórn Fræðslusjóðs að veita fræðsluaðilum sem njóta framlaga úr sjóðnum vilyrði um framlög til allt að þriggja ára, með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis.<sup>1</sup>



Mynd 3 Indversk matargerð með Jasmin Olsen

<sup>1</sup> Upplýsingar fengnar á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, [www.frae.is](http://www.frae.is)

Símenntunarmiðstöðin sótti um fjármagn til sjóðsins, annars vegar í ýmsar námsleiðir samkvæmt námskrám FA og hins vegar í náms- og starfsráðgjöf.

Hér er yfirlit yfir þær námsleiðir, samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem fékkst fjármagn í en ekki var hægt að koma öllu í framkvæmd eins og ætlunin var fyrir árið 2011.

| Framkvæmdar námsleiðir | Markhópur | Námskeið                   | Fj. þáttt. | Fj. kest.   |
|------------------------|-----------|----------------------------|------------|-------------|
| Akranes                | Atv.leit. | Færni í ferðaþjónustu VMST | 9          | 60          |
| Akranes                | Atv.leit. | Landnemaskólinn VMST       | 14         | 120         |
| Akranes                | Atv.leit. | Skref til sjálfshjálpar    | 6          | 60          |
| Akranes                | Atv.leit. | Sterkari starfsmaður       | 11         | 150         |
| Akranes                | Atv.leit. | Sterkari starfsmaður       | 12         | 150         |
| Akranes                | Atv.leit. | Þjónustuliðar              | 15         | 60          |
| Borgarnes              | Atv.leit. | Sterkari starfsmaður       | 9          | 150         |
| Dalir                  | Vinnust.  | Fagnámskeið - annar hluti  | 10         | 66          |
| Grundarfjörður         | Atv.leit. | Sterkari starfsmaður       | 5          | 150         |
| Grundarfjörður         | Blandað   | Nám og þjálfun             | 12         | 150         |
|                        |           | <b>Samtals</b>             | <b>103</b> | <b>1116</b> |

| Óframkvæmdar námsleiðir | Markhópur | Námskeið                | Fj. þáttt. | Fj. kest.   |
|-------------------------|-----------|-------------------------|------------|-------------|
| Vesturland              | Blandað   | Grunnmenntaskóli        | 10         | 150         |
| Vesturland              | Blandað   | Nám og þjálfun          | 15         | 150         |
| Akranes                 | Blandað   | Sterkari starfsmaður    | 10         | 150         |
| Akranes                 | Atv.leit. | Aftur í nám 10 þátttak. | 10         | 95          |
| Akranes                 | Vinnust.  | Þjónustuliðar           | 10         | 60          |
| Dalir                   | Atv.leit. | Færni í ferðaþjónustu I | 10         | 60          |
| Borgarnes               | Vinnust.  | Fagnámskeið II          | 10         | 60          |
| Borgarnes               | Blandað   | Skrifstofuskólinn       | 10         | 240         |
| Snæfellsnes             | Vinnust.  | Fagnámskeið II          | 10         | 60          |
|                         |           | <b>Samtals</b>          | <b>95</b>  | <b>1025</b> |

### **Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð**

Símenntunarmiðstöðin gerði samning Fjölmennt árið 2011, en með þessum samningi skuldbindur miðstöðin sig til að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fatlaða á Vesturlandi, auk þess sem miðstöðin fékk styrk frá Fjölmennt til að gera þarfagreiningu á þörf fatlaðra fyrir fræðslu á Vesturlandi.

Í samningnum segir m.a. í 1. grein:

„ Með samningi þessum skal leitast við að skapa fötluðu fólki á starfssvæði Símenntunarmiðstöðvar aðstöðu til sí- og endurmenntunar til að uppfylla þarfir

Þess og væntingar til náms. Leita skal eftir því sem framast er unnt að nám fatlaðs fólks geti farið saman með öðrum samborgurum m.a. til að mæta félagslegum þörfum þeirra. Menntun fyrir fatlað fólk getur þó farið fram á sérstökum námskeiðum en sé mögulegt að stuðla að námi með stuðningi verði þeirra leiða leitað.“

Þarfagreiningin var gerð haustið 2011 og á henni byggist skipulag og framboð námskeiða árið 2012.

Erla S. Olgeirsdóttir hafði umsjón með námskeiðum fyrir fatlaða á vorönn 2011, en hún lét af störfum 1. ágúst.

Helga Björk Bjarnadóttir þroskaþjálfari hafði umsjón með þarfagreiningunni og námskeiðum fyrir fatlaða á haustönn 2011, en hún var ráðin sem verktaki í lok september 2011.



**Mynd 4 Helga Björk með stoltum útskriftarnemum**

Hér er yfirlit yfir námskeið fyrir fatlaða árið 2011:

| Staður      | Námskeið                   | Fj. þáttt. | Fj. kest.  | Fj. nem.st.  | Fj. kvenna | Fj. karla | Meðalaldur |
|-------------|----------------------------|------------|------------|--------------|------------|-----------|------------|
| Akranes     | Listasmiðja                | 5          | 30         | 150          | 3          | 2         | 40,4       |
| Akranes     | Lærum nýtt og skemmtilegt  | 14         | 21         | 294          | 7          | 7         | 30,8       |
| Borgarnes   | Listasmiðja                | 8          | 30         | 240          | 2          | 6         | 37,4       |
| Borgarnes   | Listasmiðja - Fellsendi    | 5          | 30         | 150          | 4          | 1         | 63,2       |
| Borgarnes   | Tölvunámskeið - Fellsendi  | 4          | 18         | 72           | 1          | 3         | 59,5       |
| Borgarnes   | Kvikmyndagerð              | 6          | 24         | 144          | 2          | 4         | 39         |
| Borgarnes   | Verum með !                | 8          | 14         | 112          | 1          | 7         | 39,1       |
| Dalir       | Vinna með gler - Fellsendi | 5          | 33         | 165          | 4          | 1         | 60,6       |
| Snæfellsbær | Hollt og gott - Gufuskálar | 5          | 5          | 25           | 1          | 4         | 22         |
| Snæfellsbær | Tónlist                    | 6          | 2          | 12           | 1          | 5         | 21,7       |
| Snæfellsbær | Tölvunámskeið              | 7          | 4          | 28           | 1          | 6         | 21,4       |
|             | <b>Samtals</b>             | <b>73</b>  | <b>211</b> | <b>1.392</b> | <b>27</b>  | <b>46</b> | <b>40</b>  |



Mynd 5 Hress hópur




## Vinnumálastofnun


Í kjölfar bankahrunsins jókst atvinnuleysi verulega á Íslandi. Í ljósi aðstæðna gerði Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, samninga við Vinnumálastofnun um framkvæmd námstækifæra og náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur.

Símenntunarmiðstöðin hefur verið í miklu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi og endurspeglast það í tölfræðinni hjá Símenntunarmiðstöðinni síðustu 2 árin. Árið 2011 voru 36 námstækifæri með 359 þátttakendum á vegum Símenntunarmiðstöðvarinnar í samstarfi við Vinnumálastofnun.


Hér má sjá nánari upplýsingar um námstækifæri fyrir atvinnuleitendur á árinu 2011 og samanburð á milli ára:




## Fjöldi þátttakenda í námsleiðum fyrir VMST 2009-2011



## Þróun í fjölda nem.st. fyrir VMST 2009-2011



## Fjöldi karla og kvenna á námskeiðum fyrir VMST 2010-2011



## Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf fór fram eins og áður með yfir 90% viðtala með hefðbundnu sniði, en greina má smávegis aukningu í hópráðgjöf og rafrænni ráðgjöf. Alls voru 63% viðtala við atvinnuleitendur í samvinnu við Vinnumálastofnum og 75% ef með eru tekin viðtöl við ráðþega sem eru í hlutastörfum. Nokkrir atvinnuleitendur leituðu sjálfir eftir ítarlegri ráðgjöf sem beindist meira að eftirfylgni, nánari aðstoð eða upplýsingagjöf við ákveðna þætti, en 25% viðtala fjölluðu um starfsleit og aðstoð við ferilskrá. Ráðþegar hafa í ríkara mæli frumkvæði sjálfir að ráðgjöfinni og hafa mismunandi þarfir. Stór hluti ráðþega hefur ekki lokið formlegri skólagöngu (29%) og hefur þ.a.l. þörf fyrir aðlagðar námsleiðir, sérúrræði og aðstoð við að finna hvað hentar. Alls 24% ráðþega vildu fá ráðgjöf og upplýsingar um formlegt nám. Um 13% ráðþega voru í starfsendurhæfingu og vísað í náms- og starfsráðgjöf frá VIRK. Áhugasviðsgreiningar voru um 8% af viðtölum.

Ráðþegum hefur verið bent á mismunandi leiðir allt eftir hvað hentar hverjum og einum s.s. Menntastoðir, í fjarnám, í námsleiðir á vegum Símenntunarmiðstöðvarinnar, í Háskólabrú, í nám í framhaldsskóla, háskólanám, í sérhæft nám (bókhalð, skrifstofubraut, frumgreinanám o.fl.).

Náms- og starfsráðgjöfin er kynnt tvisvar á ári í námsvísi Símenntunarmiðstöðvarinnar, og upplýsingar eru á vef Símenntunarmiðstöðvarinnar. Fésbókarsíða um ráðgjöfina er virk og hafa ráðþegar sent þar inn skilaboð, óskað eftir viðtölum eða sent inn fyrirspurnir. Áhugasviðsgreiningar og aðstoð við gerð ferilskráa hefur verið auglýst sérstaklega. Kynningar voru haldnar í fyrirtækjum og á vinnustöðum en oftast í námsumhverfinu þar sem ráðgjöfin var kynnt fólki sem voru þátttakendur á námsleiðum og námskeiðum. Þeir nemar eru oftast en ekki áhugasamir um áframhaldandi nám og þurfa hvatningu og eftirfylgni. Á hverju ári hefur Símenntunarmiðstöðin átt bás á Þjóðahátíð Vesturlands og kynnt verkefni fyrir innflytjendur og náms- og starfsráðgjöf.




Gagnvart innflytjendum var lögð mikil áhersla á að kortleggja menntun, reynslu og færni þeirra, meta hvort og hvernig þeir gætu öðlast starfsréttindi hér, aðstoðað við ferilskrágerð og við að sækja um störf, en markvisst var staðið að því á s.l. ári í samstarfi við Rauða krossinn Akranesdeild. Alls voru innflytjendur um 15% ráðþega og þar af um helmingurinn Pólverjar.

Guðrún Vala Elísdóttir starfar sem náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntunarmiðstöðinni.


Björn Hafberg náms- og starfsráðgjafi starfaði sem verktaki og tók viðtöl við atvinnuleitendur.




Mynd 6 Björn Hafberg

**Tölfræði****Fjöldi viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa 2011****Aldursbil ráðþega****Þjóðerni ráðþega**

### Staða ráðþega á vinnumarkaði



### Menntunarstig ráðþega 2011



## Þróunarverkefni

### *Frumkvöðlasmiðjur fyrir innflytjendur*

Símenntunarmiðstöðin hefur staðið fyrir fjölda frumkvöðlasmiðja fyrir atvinnuleitendur á öllum aldri á Vesturlandi. Á vorönn 2011 stóð Símenntunarmiðstöðin, í samstarfi við Vinnumálastofnun, fyrir tveimur frumkvöðlasmiðjum fyrir innflytjendur (atvinnuleitendur) á Akranesi. Alls tók 31 einstaklingur þátt, 16 konur og 15 karlar og var meðalaldurinn 35,1 ár.

Meginmarkmið með smiðjunum:

- Kveikja neista í hugum sem flestra þátttakenda, fá þá til að hugsa stöðu sína uppá nýtt, setja sér ný og metnaðarfull markmið og uppgötva eigin sköpunarkraft og möguleika.
- Fá þátttakendur til að koma auga á möguleikana sem geta falist í því að stofna til eigin atvinnustarfsemi á Íslandi.

Með því að hvetja og styrkja nemendur með þessu móti, er líklegt að þeir átti sig á nauðsyn þess að auka við íslenskukunnáttu sína. Ennfremur er líklegra að þátttakendur vilji auka þekkingu sína almennt á íslensku samfélagi almennt af sömu ástæðum.

Leiðbeinandi í smiðjunum var G. Ágúst Pétursson, en hann hefur þróað og kennt fjölda námskeiða á sviði frumkvöðlafræða vítt og breitt um landið á síðustu árum.

### *Icelandic Sagas*

Undanfarin misseri hefur verið unnið að þróunarverkefni sem snýr að því að kenna Íslendingasögurnar á netinu.

**ícelandic SAGAS**

Staða verkefnisstjóra var auglýst í lok árs 2009 og var Björg Árnadóttir ráðin tímabundið frá og með 1. febrúar 2010 og til 1. ágúst 2011

Verkefnisstjóri hefur m.a. unnið að því að leita lausna við gerð námskeiða og vinna að vef, í samstarfi við Nepal hugbúnað, þar sem hægt er að finna allar upplýsingar um námskeiðin sem í boði eru hverju sinni. Auk þessa verður alls kyns fróðleikur um Íslendingasögurnar aðgengilegur á þessum vef.

Á árinu 2011 var farið að skoða samstarf við aðila sem eru að vinna að svipuðum hlutum og hafa stofnað fyrirtækið Sögubókin.

Sögubókin hefur í rúm 2 ár unnið að gerð myndefnis um Íslendingasögurnar, en um er að ræða fræðslu- og afþreyingarefni þar sem bæði er fjallað er um sögurnar á hnitmiðaðan hátt fyrir erlenda ferðamenn og með ítarlegum skýringarnámskeiðum fyrir áhugafólk um Íslendingasögurnar. Fyrirhugað er að selja myndefnið á Internetinu og á “Snjallsíma Appi”

Viðræður um samstarf hafa staðið yfir að undanfögnu, en mikill vilji beggja aðila er á að sameina kraftana sem felast m.a. í að:

- Samnýta krafta til að þróa og framleiða myndefni um Íslendingasögur, sérstaklega þar sem sögusviðið er á Vesturlandi.
- Samnýta krafta til að afla fjármagns til nýrra verkefna.
- Kynna Vesturland sem sögusvið Íslendingasagna.
- Samnýta viðskiptahugmynd, sölukerfi og markaðsstarf Sögubókarinnar fyrir myndefni framleitt af Símenntunarmiðstöðinni til að þróa og framleiða myndefni um Íslendingasögurnar og þá sérstaklega á Vesturlandi.


Fyrirtækið Sögubókin og Símenntunarmiðstöðin sóttu sameiginlega um styrk í íslenska-norska menningarsjóðinn og fékk úthlutað 80.000 Nok. Styrkurinn er notaður í að framleiða fyrirlestra um landnáms Skallagríms og texta efni á norsku sem Símenntunarmiðstöðin á nú þegar. Samstarfsaðili er fornleifasafnið í Stavanger og verður unnið að því að fjölga norskum samstarfsaðilum.



Mynd 7 verk frá námskeið í tréútskurði



## Markviss uppbygging starfsmanna – þarfagreining



Í janúarmánuði 2011 gerðu Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) og Ríkismennt með sér samning þess efnis að unnin yrði Markviss þarfagreining á fræðsluþörf ófaglærða innan HVE með viðhorfsskönnun og gerð yrði fræðsluáætlun út frá niðurstöðum könnunarinnar. Könnunin náði til 82 starfsmanna stofnunarinnar.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands nær yfir þjónustusvæði þriggja símenntunarmiðstöðva, þ.e. Fræðslumiðstöð Vestfjarðar, Farskólans á Norðurlandi vestra og Símenntunarmiðstöðvarinar á Vesturlandi. Í ljósi þessa var ákveðið að leita samstarfs við Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Ráðgjafar: Inga Dóra Halldórsdóttir hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Kristín Sigurrós Einarsdóttir hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða



**Mynd 8** Á myndinni eru Kristín Rós Einarsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Kristín Njálsdóttir frá Ríkismennt og Steinunn Sigurðardóttir frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

## Viðurkenning fræðslustarfs - EQM gæðakerfið

Starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar er að innleiða gæðakerfi samkvæmt gæðaviðmiðum EQM og kemur síðan til með að sækja um formlega vottun.

Þessi vinna fór af stað á haustdögum 2011, en leitað var til ráðgjafarfyrirtækisins Alta um framkvæmdina.

Með þessarri vinnu er m.a. unnið að því að:

- ✚ breyta verklagi Símenntunarmiðstöðvarinnar, þannig að miðstöðin geti áfram veitt skilvirka og góða þjónustu og staðið undir starfsskyldum sínum, í takt við breyttar kröfur í starfsumhverfinu og óskir og þarfir notenda sinna og samningsaðila.
- ✚ gera starfsfólk betur í stakk búið til að takast á við breytt hlutverk og verklag, m.a. með því að auka fænri þeirra og þekkingu, t.d. í verkefnisstjórnun og auka þar með starsfánægju hjá Símenntunarmiðstöðinni.

Gert er ráð fyrir að gera rafræna gæðahandbók fyrir starfsfólk og stjórn SMV.



Mynd 9 Handverk frá námskeiðinu "Leður, skinn og skart"

## Erlend verkefni

Á árin 2011 fékk Símenntunarmiðstöðin annars vegar Leonardostyrk og hins vegar Grundtvigstyrk.

Fyrirnefnda styrkinn fékk Símenntunarmiðstöðin í verkefni sem nefnist “INCREASE MOTIVATION – IMPROVE EMPLOYABILITY” (**MOEM**) Verkefnið snýst um það að nýta aðferðir frumkvöðlafræðslu til að styrkja þá sem standa höllum fæti t.d. í skóla eða á vinnumarkaði. Símenntunarmiðstöðin hefur á síðustu árum staðið fyrir fjölda frumkvöðlasmiðja á Vesturlandi í samstarfi við Vinnumálastofnun.

Það var í raun á grundvelli jákvæðrar reynslu af þessum smiðjum sem sú hugmynd kviknaði að hugsanlega væri áhugi fyrir því í fleiri Evrópulöndum að þróa þessa aðferð áfram og laga að aðstæðum í hverju landi. Löndin sem taka þátt í verkefninu auk Íslands eru: Þýskaland (verkefnisstjórn), Ítalía, Spánn, Pólland og Holland. Þeir aðilar sem taka þátt eiga það sameiginlegt að hafa þekkingu og reynslu af að starfa með þeim hópum sem hér var minnst á. Takmarkið er að hópurinn vinni að og birti hagnýtar leiðbeiningar, þannig að sem flestir geti nýtt sér þessar aðferðir. Hér er yfirlit yfir stofnanirnar sem taka þátt í verkefninu:

- Chancengleich in Europa e. V, GERMANY: [www.ch-e.eu](http://www.ch-e.eu)
- Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, ICELAND: [www.simenntun.is](http://www.simenntun.is)
- Quarter Mediation, THE NETHERLANDS: [www.quartermediation.eu](http://www.quartermediation.eu)
- Prywatne Centrum Kształcenia Kadr (PCKK), POLAND: [www.pckk.pl](http://www.pckk.pl)
- Fundación Ramón Rey Ardid, SPAIN: [www.reyardid.org](http://www.reyardid.org)
- ASIS Consorzio Cooperative Sociali, ITALY: [www.consorzioasis.it](http://www.consorzioasis.it)



Mynd 10 Þátttakendur í MOEM verkefninu

Verkefnið er Leonardo da Vinci Partnership Project. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um stöðu verkefnisins á vef Símenntunarmiðstöðvarinnar.

Seinna verkefnið hlaut Grundtvigstyrk og kallast **SMART**- sustainable villages and education. Verkefnið fjallar um það hvernig lítil dreifbýlissamfélög eru að verða meira og meira meðvituð um mikilvægi þess að auka sjálfbærni í sínu samfélagi. Fjallað er um ýmis málefni t.d. um orkunotkun, landnotkun, matar og heilsumálefni, úrgangsefni, vatnsnotkun, samgöngumál og símenntunarmál. Til þess að hægt sé að ná árangri til lengri tíma til sjálfbærnis þá þarf að ná til alls samfélagsins, þ.m.t. allra minnihlutahópa.

Í SMART verkefni er horft á hvernig sí- og endurmenntun getur haft áhrif á umræðuna um ofangreind málefni. Skoðað er hvernig menntun getur stuðlað að því að virkja íbúa í samfélögum sem eru að vinna að sjálfbærni. Þátttakendur í verkefninu ganga út frá þeirri staðreynd að menntun hljóti að spila stóra þátt í þessu ferli og getur hvatt/virkjað íbúa og sjálfbóðaliða til að taka þátt í að gera sitt samfélag sjálfbært.

Þátttakendur skipuleggja heimsóknir á milli landa, skiptast á þekkingu og reynslu á ýmsum málefnum, s.s. virkjun og þjálfun sjálfbóðaliða, virkjun og aðferðir til að auka þátttöku íbúa samfélaga í umræðu um hvernig hægt sé að bæta samfélagið með það að markmiði að auka sjálfbærni, hvernig auka má menntun og þekkingu íbúa á málefninu.



Mynd 11 Myndir frá fyrsta SMART fundinum í Portúgal

#### Markmið

- að auka vægi menntunar í sjálfbærnisferlinum og sýna fram á hve nauðsynleg hún er til að tryggja forsendur sjálfbærni samfélaga
- finna út á hvaða stigi sjálfbærnisferilsins það er sem menntun nýtist hvað best, hvaða aðferðir og verkfæri er hægt að nota, hvert er hlutverk sjálfbóðaliða í þessu ferli?



- Skiptast á þekkingu og reynslu á vel heppnuðum verkefnum er tengjast menntun og sjálfbærni
- Skiptast á aðferðum til að virkja sem flesta íbúa, þ.m.t. minnihlutahópa

Þátttakendur í SMART verkefninu eru frá Íslandi, Hollandi, Bretlandi og Portúgal. Einnig áttu Svíþjóð og Slóvenía að vera þátttakendur en vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna þá mun Svíþjóð ekki taka þátt og Slóvenía kemur inn í verkefnið 2012.

Fyrsti fundurinn fór fram dagana 24-26. október 2011 í Portúgal.

N.º 183 de Dezembro 2011

12 LOCAL

### Natal: Festa do encontro com o Deus Menino

Aproxima-se a Festa do Natal. Podemos perguntar: O que é o Natal? O que é que verdadeiramente celebramos? Celebramos o dia em que se cumpriram todas as profecias do Antigo Testamento. Deus veio habitar entre os homens. Deus abriu a sua tenda entre nós. O dia do nascimento de Jesus é o dia da realização de todos os anseios da humanidade porque o céu se uniu à terra. Deus veio ao mundo para se encontrar com o homem criado à sua imagem e semelhança, mas marcado pelo pecado. Deus veio redimir o homem.

Este é o grande segredo do Natal: Deus que se faz verdadeiramente homem e que se encontra com a humanidade para a salvar, para divinizar o homem, como nos dizia Santo Inácio.

Estamos a viver um tempo difícil, um tempo em que parece que Deus já não está presente entre nós. Parece que Deus afinal voltou ao céu e se esqueceu daquele que é a plenitude da sua criação: o homem. Mas Deus está, mesmo nesses momentos em que a sociedade portuguesa, e de um modo geral todo o mundo, sofrem momentos dramáticos com uma crise económica e que tem consequências a nível social. Se Deus nasceu no tempo, então o tempo é assumido totalmente por Deus. Assim, não há que ter medo, como nos dizia o Beato João Paulo II no início do seu pontificado. O Natal é, então, abrir todas as portas a Cristo da nossa vida, especialmente nas dificuldades e anseios que todos vivemos. É ir ao encontro de Deus Menino não já fisicamente no presépio de Belém, mas presente na sua Igreja que procura ser este resto de Deus no mundo servindo especialmente os mais desfavorecidos, os famintos não só de pão, mas de toda a Palavra que sai da boca de Deus.

Desejo a todos os paroquianos de São Lourenço e de São Simão de Azeitão um Santo Natal no desejo contemplativo de nascer de novo em Jesus. Peço a todos que coloquem as vossas preocupações aos pés de Maria. Ela que conservava todas as coisas meditando-as em seu coração. Elevem os vossos corações a Deus que veio em auxílio do homem na pessoa de Jesus, o Deus Menino, através de Maria a cheia de graça. Santo Natal.

Pe. Luís Ferreira

### Primeiro encontro Europeu do Projecto Smart em Azeitão

Azeitão recebeu de 23 a 26 de Outubro, representantes de países da União Europeia. Aqueles participaram no Programa Grundtvig, do qual Azeitão é um dos participantes seleccionados no âmbito de uma rigorosa selecção a nível europeu, em resultado da candidatura oportunamente apresentada. A Junta de Freguesia de S. Lourenço - Azeitão, foi a anfitriã desta primeira reunião europeia em Vila Nogueira de Azeitão proporcionando visitas de estudo, encontros com os habitantes, empresários e poder local, além de permitir aos nossos visitantes europeus conhecerem o potencial da Região de Azeitão. Os parâmetros europeus reunidos pela primeira vez à volta de temas de sustentabilidade (projeto SMART: Sustainable villages and education, com duração até 2013) assumem que a educação deve desempenhar um papel de relevo num desenvolvimento sustentável. O projeto junta habitantes e voluntários, e aponta numa via mais ampla das possibilidades da educação participativa, numa prática de Combustamento e da consciência comum. Porque é necessária uma Comunidade para assumir a responsabilidade pela natureza, as comunidades sustentáveis são lugares onde as pessoas desejam viver e trabalhar, agora e no futuro. Devem responder às diversas necessidades dos seus habitantes (actuais e futuros), como lugares seguros e saudáveis, e que contribuam para uma elevada qualidade de vida. Lugares seguros, bem planeados, construídos e sustentados, que ofereçam igualdade de oportunidades e boas condições para todos.

Existem diferentes vertentes de uma comunidade sustentável a considerar no desenvolvimento deste projeto: Comunidade - Transportes - Ecologia - Mudança climática - Serviços - Negócios - Edifícios - Social - Recursos.

Esta nas raízes da comunidade azeitonense acreditar que pode mudar e pensar "SMART" (sustentável e inteligente) - PE.







Azeitão, foi a anfitriã desta primeira reunião europeia em Vila Nogueira de Azeitão proporcionando visitas de estudo, encontros com os habitantes, empresários e poder local, além de permitir aos nossos visitantes europeus conhecerem o potencial da Região de Azeitão.

### No fim-de-semana de 10 e 11 de Dezembro, venha ao Rossio à TROIKAQUI e ajude a Santa Casa da Misericórdia de Azeitão.

Café - Bar  
Juventude Azeitonense  
(No ringue de Hóquei e Patins)

Servimos todos os dias um prato por dia por 5,50 Eur

Temos Petiscos, Sandes, Hot-Dogs, Chamuscas...e Sport TV!

Rua de Lisboa, 13  
Telefone 21 182 36 27  
Vila Nogueira de Azeitão

Mynd 12 Frétt úr bærarblaðinu í Azeiato um SMART verkefnið

## Fjarnám

### ***Þjónusta við fjarnema***

Símenntunarmiðstöðin þjónustar fjarnema samkvæmt samningi við mennta- og menningarráðuneytið. Árið 2009 var ráðinn starfsmaður til að sinna fjarnemum fyrir hönd Símenntunarmiðstöðvarinnar. Síðan þá hefur fjöldi nemenda í fjarnámi aukist gríðarlega.

Framboð fjarnáms á háskólastigi eykst stöðugt og við flesta íslenska háskóla er boðið upp á fjarnám af einhverju tagi. Kennsluaðferðir eru samkvæmt ákvörðun skóla hverju sinni. Sumar námsbrautir gera ráð fyrir að nemendur stundi námið eingöngu í gegnum tölvubúnað, aðrar gera ráð fyrir notkun á myndfundabúnaði, sumar námsbrautir gera þá kröfu til nemenda að þeir mæti í námslotur meðan aðrar gera minni kröfur um slíkt. Nám er í vissum tilfellum háð því að ákveðinn fjöldi náist í námshópa og ræðst þá staðsetning af fjarfundabúnaði og nemendahópi.



SMV kynnir fjarnám á háskólastigi, veitir fjarnemum þjónustu í námsverum þar sem eru myndfundabúnaðir, tölvutengingar og umsjón með próftöku. SMV veitir jafnframt ráðgjöf og upplýsingar til verðandi fjarnema og nemenda í námi. Námsráðgjöf er einnig veitt hjá öllum háskólunum og SMV.

Íbúar á Vesturlandi, sem eru í fjarnámi við íslenska háskóla, gefst kostur á að taka prófin í heimabyggð á Vesturlandi. Próf fara fram að mestu fram á eftirtöldum stöðum:

- Bókasafnið á Akranesi
- Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi
- Húsnæði Símenntunar í Borgarnesi
- Átthagastofa Snæfellsbæjar í Ólafsvík
- Grunnskóli Snæfellsbæjar
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga í Grundarfirði
- Grunnskólinn í Stykkishólmi
- Ráðhúsið í Stykkishólmi
- Stjórnsýsluhús Dalabyggðar


Umsjón með þjónustu við fjarnema hefur Kristín Björg Árnadóttir

## Tölfræði





## Frá hvaða skólum er verið að taka próf?



## Samstarf – samstarfsaðilar

### *Rauði krossinn - málefni innflytjenda*

Helstu samstarfsaðilar eru Rauði krossinn Akranesdeild, Rauði krossinn Borgarfjarðardeild, Grunnskólarnir, Fjölbrautaskólarnir (á Vesturlandi og Snæfellsnesi) og Menntaskóli Borgarfjarðar, stærri fyrirtæki á svæðinu, Virk, Verkalýðs- og stéttarfélagin á Vesturlandi og Endurhæfingarhúsið Hver Akranesi. Í samstarfi við Rauða kross Íslands Akranesdeild var markvisst unnið að því að kynna náms- og starfsráðgjöf til innflytjenda á Akranesi og bjóða þeim upp á ráðgjöf. Var það liður í verkefninu „Brjótum múra“ (<http://brjotummura.wordpress.com/>) en verkefnið var styrkt af Progress áætlun ESB. Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í málþingi og ráðstefnu á árinu um fjölmenningu fyrir hönd Símenntunarmiðstöðvarinnar. Málþingið var haldið á vegum Menntaskóla Borgarfjarðar 11. maí vegna Comeniusar verkefnis og bar yfirskriftina „Migration and cultural influences“. Á ráðstefnunni „Brjótum múra“ sem haldin var á Akranesi 4. nóvember fjallaði náms- og starfsráðgjafi sérstaklega um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar fyrir innflytjendur og birti í kjölfarið greinar um sama efni í Skessuhorni og Morgunblaðinu 3.des 2011. Á sömu ráðstefnu var jafnframt fjallað um þjónustu í náms- og starfsráðgjöf sem býðst á fræðslumiðstöðvum um allt land.

## ***Bókasafnið á Akranesi***

Starfsfólk bókasafnsins á Akranesi hefur verið ötult við að aðstoða Símenntunarmiðstöðina við að þjónusta fjarnema. Haustið 2010 fór af stað hópur í fjarnámi í hjúkrunarfræði frá Háskólanum á Akureyri og hafa nemendur bæði sótt fjarfundi á Svöfusal í bókasafninu og nemendur tekið þar próf.

## ***Framhaldsskólarnir á Vesturlandi***

Símenntunarmiðstöðin hefur verið í mjög góðu samstarfi við framhaldsskólana á Vesturlandi og markvisst verið að byggja brú á milli hins formlega og óformlega skólakerfis og þannig verið að greiða götur nemenda.

Á meðal verkefna má nefna:

- Samvinnu náms- og starfsráðgjafa hjá SMV og framhaldsskólunum
- Viðurkenning framhaldsskólanna á námi hjá Símenntun til eininga í formlega skólakerfinu
- Aðgengi að húsnæði framhaldsskólanna
- Samvinna við prófaumsýslu vegna fjarnema í háskólanámi

## ***Fs-netið og menntabré***

Símenntunarmiðstöðin á aðild að FS-netinu, sem er háhraða gagnaflutningsnet sem þjónar framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni.

Símenntunarmiðstöðin er eignaraðili að menntabrénni, ásamt öðrum fræðslu og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Hver þessarra þriggja aðila á 1/3 hlut af brúnni. Miðstöð brúarinnar er staðsett í Háskóla Íslands.

Fulltrúi Kvasis í stjórn er Jóhann Ingólfsson, en auk hans sitja í stjórn Sigurbjörg Jóhannesdóttir, formaður og fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Ágúst Valgeirsson, Kvennaskólanum, fulltrúi tæknimanna, Sæþór Jónsson, Háskóla Íslands, fulltrúi RH-nets og Kristinn Þorsteinsson, Fjölbrautaskólanum Garðabæ, fulltrúi skólastjórnenda.

Nánari upplýsingar um FS-netið: [www.fsnet.is](http://www.fsnet.is)

## ***SSV-þróun og ráðgjöf***

Símenntunarmiðstöðin vinnur að þróun ýmissa verkefni með ýmsum samstarfsaðilum. SSV-þróun og ráðgjöf hefur m.a. komið að samstarfi vegna áttuganáms og frumkvöðlasmiðja.

## **Stéttarfélögin á Vesturlandi**

Stéttarfélögin hafa verið ötul við að aðstoða Símenntunarmiðstöðina við að koma starfsemi stofnunarinnar á framfæri við sína félagsmenn. Einnig hefur Símenntunarmiðstöðin fengið afnot af húsnæði félaganna fyrir námskeið og aðstöðu fyrir náms- og starfsráðgjafa.

## **Vinnumarkaðsráð**

Vinnumarkaðsráð var sett á laggirnar í september 2007 og starfar það samkvæmt 6. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006.

Á árinu 2011 voru eftirtaldir aðilar skipaðir í Vinnumarkaðsráð til næstu fjögurra ára.

### **Vinnumarkaðsráð skipa:**

Magnús Jónsson, skipaður af velferðarráðherra, formaður  
Vilhjálmur Birgisson, tiln. af Alþýðusambandi Íslands, varaformaður  
Helga Hafsteinsdóttir, tiln. af Alþýðusamb. Íslands-samtök opinberra starfsmanna  
Inga Dóra Halldórsdóttir, tiln. af menntamálaráðuneyti  
Guðmundur Smári Guðmundsson, tiln. af Samtökum atvinnulífsins  
Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, tiln. af Samtökum atvinnulífsins  
Sveinn Kristinsson, tiln. af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi

### **Varamenn:**

Ingibjörg Valdimarsdóttir, skipuð af velferðarráðherra  
Þorsteinn Sigurðsson, tiln. af Alþýðusambandi Íslands  
Ingveldur Jónsdóttir, tiln. af Alþýðusamb. Íslands-samtök opinberra starfsmanna  
Jón Eggert Bragason, tiln. af mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Ólafur Rögnvaldsson, tiln. af Samtökum atvinnulífsins  
Bolli Árnason, tiln. af Samtökum atvinnulífsins  
Hrefna Bryndís Jónsdóttir, tiln. af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi

## **Virk-starfsendurhæfingarsjóður**

Fulltrúar Virk endurhæfingarsjóðs og Símenntunarmiðstöðvarinnar hafa með sér samráð um námsframboð og ráðgjöf fyrir skjólstæðinga Virk og í sumum tilvikum eru haldin námskeið sameiginlega fyrir Vinnumálastofnun og Virk. Nánari upplýsingar um Virk er að finna hér: [www.virk.is](http://www.virk.is)

## Samtök í fullorðinsfræðslu

### ***Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva***

Símenntunarmiðstöðin á aðild að Kvasi sem eru sameiginlegur vettvangur og hagsmunasamtök 10 símenntunarmiðstöðva á landinu.

Kvasir heldur tvo fundi á ári, á haust- og vordögum, auk félagsfunda eftir þörfum.

Nánari upplýsingar um starfsemi Kvasis: [www.fraedslumidstodvar.is](http://www.fraedslumidstodvar.is)

### ***Leikn – samtök fullorðinsfræðslu á Íslandi***

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi á aðild að Leikn, en þessi samtök eru sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Markmiðið með samtökunum er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi og að stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun, samskipti og samstarf á milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar.

Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvarinnar starfaði sem formaður stjórnar Leiknar 2010-2011.

Nánari upplýsingar um starfsemi Leiknar: [www.leikn.is](http://www.leikn.is)

## Framhaldsfræðsla á Íslandi – hvar er hægt að nálgast fróðleiksmola?

### Mennta- og menningarmálaráðuneytið:

[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

<http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/fullordinsfraedsla/>

### Lög um framhaldsfræðslu 27/2010:

<http://www.althingi.is/lagas/139a/2010027.html>

### Fræðslumiðstöð atvinnulífsins:

[www.frae.is](http://www.frae.is)

### Gátt – ársrit fræðslumiðstöðvarinnar 2011

<http://frae.is/um-fa/gatt-arsrit/gatt-2011/>

### Leikn – samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi

[www.leikn.is](http://www.leikn.is)

### Kvasir – samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

[www.fraedslumidstodvar.is](http://www.fraedslumidstodvar.is)

## Framhaldsfræðsla erlendis – hvar er hægt að nálgast fróðleiksmola?

### Norrænt tengslanet um fullorðinsfræðslu

<http://www.nordvux.net/>

### Samtök fullorðinsfræðslu í Evrópu

[www.eaea.org](http://www.eaea.org)

### UNESCO-United Nations, Educational, Scientific and Cultural Organizations

[www.unesco.org](http://www.unesco.org)

## Lokaorð

Samkvæmt nýjum framhaldsfræðslulögum ber okkur í fullorðinsfræðslunni m.a. að veita þeim einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju, mæta þörfum atvinnulífisins, veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni, stuðla að því að nám utan formlega skólakerfisins sé metið að verðleikum og síðast en ekki síst að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

Til að þetta gangi eftir þarf menntakerfið að vera þannig byggt upp á að það myndi ákveðna samfellu, þ.e. fullorðinsfræðslan utan formlegs skólakerfis, framhaldsskólar og háskólar.

Mikilvægi þessarar námstækifæra sem og starf náms- og starfsráðgjafa hefur sýnt sig og sannað svo um munar og vegur þungt í starfsemi símenntunarmiðstöðvanna.

Einstaklingarnir eru með mismunandi þarfir, óskir og væntingar til náms og vinnu og einmitt þess vegna þarf nálgunin að vera í takt við ólíkar þarfir. Við í fullorðinsfræðslunni höfum lagt áherslu á að vera í góðum tengslum við atvinnulífið og að taka mið af aðstæðum í samfélaginu hverju sinni.

Styrkur okkar í fullorðinsfræðslunni einkennist af sveigjanleika og við getum brugðist við óskum og þörfum með mun styttri fyrirvara en hið formlega skólakerfi. Fullorðinsfræðsla byggir brú á milli atvinnulífisins og hins formlega skólakerfis, en gleymum ekki að hún er líka tenging inn í hið formlega skólakerfi fyrir þá sem eru utan vinnumarkaðar, en þurfa menntun og stuðning til að fá aukna möguleika á að komast inn á vinnumarkaðinn. Dæmi um einstaklinga í þessari stöðu eru innflytjendur sem ekki eru á vinnumarkaði, fatlaðir einstaklingar og fleiri. Starfsendurhæfingar eru víða um land og þar er ein tenging til viðbótar við fullorðinsfræðsluna sem og tenging við atvinnulífið með starfstengdu námi og þjálfun.

Lokorðin hér eru byggð á tilvitnun frá þjóðfundinum 2009:

„Menntakerfi sem byggir á jafnrétti, fjölbreytni og nýsköpun - styrkir einstaklinginn með krafti og frumkvæði svo hæfileikar allra njóti sín“